

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Söluandvirði sjóðsins, að frádrögnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, rennur til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falla úr gildi frá og með 31. desember 2005. Störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins falla niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þegar lög nr. 68/1997 falla úr gildi tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum sjóðsins gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

- a. Orðin „Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands)“ í 43. gr. og „Lánasjóði landbúnaðarins“ í 47. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, falla brott.
- b. 100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, fellur brott.
- c. Lokamálsliður 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, orðast svo: Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Lífeyrissjóður bænda reiknar af lánum hverju sinni.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Valgerður Sverrisdóttir.*